

# Stafróf náttúrunnar

## Verkefni í tilefni af Degi íslenskrar náttúru

Kæra skólafólk,

Senn líður að **Degi íslenskrar náttúru** sem haldinn er hátíðlegur **16.september** ár hvert. Skólar eru hvattir til að gera deginum hátt undir höfði og nýta sér verkefni í tengslum við daginn sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Landvernd og Miðstöð útivistar og útináms hjá Reykjavíkurborg hafa lagt til.

Á Degi íslenskrar náttúru fögnum við mikilfengleika og mikilvægi íslenskrar náttúru. Um leið höldum við upp á tilvist náttúru allrar jarðarinnar, því náttúran er alls staðar og á sér engin landamæri. Í byggð hefur náttúrunni verið umbreytt, hún manngerð og mótuð að þörfum manna og smekk en víða er stutt í tiltölulega lítt röskuð svæði.

Náttúran er eitt það allra mikilvægasta í lífi okkar, hvar sem við búum í heiminum. Án náttúrunnar væri ekkert líf. Ekkert andrúmsloft, engin fæða, ekkert hreint vatn og engin hráefni til að byggja hús eða framleiða annað sem við notum í daglegu lífi.

Undir náttúruna fellur allt frá ósýnilegu andrúmsloftinu sem við öndum að okkur yfir í lítil sandkort og allt upp í stór tré eða fjöll. Náttúran nær yfir er allt stafrófið frá A-Ö.

### STAFRÓF NÁTTÚRUNNAR - SKÓLAVERKEFNI

Stafróf náttúrunnar er einfalt en skemmtilegt útiverkefni sem miðar að því að auka umhverfis- og náttúruvitund barna og auka á orðaforða þeirra á náttúrulegu nærumhverfi sínu. Verkefnið er gert fyrir öll stig grunnskóla og hentar vel til að vera unnið í litlum og jafnvel aldursblönduðum hópum.

- Tími: 2 kennslustundir
- Staður: Náttúrulegt umhverfi, grænt svæði í nágrenni við skóla
- Undirbúningur kennara: Lítil
  - Tæki og tól: Fer eftir útfærslu, krítar eða pappaspjald/lak með stafrófinu en einnig hægt að nota útprentað blað og skriffæri

### [Verkefnalýsing – Dagur íslenskrar náttúru](#)

Við hvetjum alla skóla til að halda Dag íslenskrar náttúru hátíðlegan og vonumst til að sem flestir nýti sér Stafróf náttúrunnar til að njóta dagsins og vekja athygli á fjölbreytileika náttúru og nærumhverfis. Skólar eru enn fremur hvattir til að deila myndum af verkefnunum með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, Landvernd og Miðstöð útivistar og útináms og er hægt að gera það með því að senda póst á netfangið [urn@urn.is](mailto:urn@urn.is).